

## Álftafjörður og Hamarsfjörður

Stærð: 131,4 km<sup>2</sup>

Sveitarfélag: Djúpavogshreppur

Umdæmi: Sýslumaðurinn í Neskaupstað og á Eskifirði

Náttúruminjaskrá: 652

Verndartillaga: Búsvæði

Tillaga: Náttúrufræðistofnun Íslands<sup>1</sup> og Umhverfisstofnun<sup>2</sup>**Mörk:**

Álftafjörður og Hamarsfjörður, ásamt Starmýrarfjöllum. Grunnsævi, eyjar og nes við Djúpavog.



Mörk svæða eru sett fram með fyrirvara. Líta ber á þau sem hugmynd að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsinga.

**Svæðislýsing:**

Grunnsævi, fjörur, eyjar, sjávarfitjar, tjarnir og sandrif, ásamt votlendi og graslendi við Djúpavog og Malvíkurhöfða.

Í Hamarsfirði er ós opinn til sjávar og gætir þar sjávarfalla. Þar er leiruvottur, víðast skeraleirur og sums staðar sandmaðksleirublettir. Skarkoli er á botni og þangfjörur með löndum. Í Álftafirði eru víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri. Þar er ós opinn til sjávar og gætir sjávarfalla. Leirur eru töluverðar, ánaleirur innarlega en utar eru skeraleirur. Við Starmýrar eru líklega mestu sjávarfitjar á Austfjörðum.

Ríkulegt fuglalíf og mikilvægur viðkomustaður vaðfugla á fartíma. Aðrar fuglategundir en grágæs sem hafa alþjóðlegt náttúruverndargildi eru álf, en um 200 álfir eru á svæðinu á fellitíma, og jaðarakan, um 1200–3600 á fartíma að vori. Athuganir á litmerktum fuglum benda til þess að um 13% íslenska jaðrakanastofnsins fari um svæðið á vorin.



Ljósmynd: Snævarr Guðmundsson

**Eignarhald:**

Einkaeign og ríkiseign.

**Núverandi landnotkun:**

Landbúnaður, beit, fiskveiðar, silungsveiði, rekaviður, fuglaveiði, eggjataka og kræklingarækt.

**Röskun, ógnir, úrbætur:****Athugasemdir:**

## Forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið:

Ríkulegt fuglalíf og leirur. Við Starmýri eru líklega mestu sjávarfitjar á Austfjörðum. Mikilvægur viðkomustaður vaðfugla á fartíma. Alþjóðlegt náttúruverndargildi.

### Lykiltegund: Grágæs

#### Almenn viðmið

Sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúruminjar				•					
Svæði viðkvæmt fyrir röskun. Sérlega fjölbreyttar náttúruminjar				•	•				
Viðhald sterkra stofna eða náttúrulegra þróunarferla. Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúruminjar				•	•				
Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð				•					
Vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi									
Einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta	•						•		
Sjónrænt gildi							•		

#### Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd

Eldvörp, gervíggar, eldhraun	Stöðuvötn og tjarnir, $\geq 1000 \text{ m}^2$	Náttúrulegir birkiskógar
Fossar	Mýrar og flóar, $\geq 3 \text{ ha}$	• Skógar til útivistar
Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður	Sjávarfitjar og leirur	•

Fuglar:	Tegund	Fjöldi fugla	% af ísl. stofni	% af evr. stofni	Ábyrgðar-tegund	Válisti <sup>3</sup>	SPEC	Bernar-viðauki	Ályktun um búsvæðavernd
	Grágæs <sup>4</sup>	1.000-10.000 á fellitíma	1-12	1-12	•	VU		III	
	Álft <sup>5</sup>	200 í felli	-	-			4	II	•
	Jaðrakan <sup>6</sup>	5.000 á fartíma á vorin	13	-	•		2	II	
	Athugasemdir:	Ýmsir aðrir vaðfuglar nýta leirur á svæðinu á fartíma, alls 2.700 í maí 1990 <sup>7</sup> .							
<b>Svæðið er á eftirfarandi listum:</b>	Important Bird Areas in Europe (svæði nr. 037) <sup>5</sup> ; Votlendisskrá Landverndar (svæði C-32) <sup>8</sup> ; Yfirlit yfir helztu votlendi á Norðurlöndum, svæði (I-18) <sup>9</sup> og Sjávarlónaskrá Náttúruverndarráðs (svæði nr. 81 og 82) <sup>10</sup> .								

#### Heimildir:

- Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson. 2002.
- Náttúruverndarráð. 1996a.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. 2000.
- Anon. 1975.
- Ólafur Einarsson. 2000.
- Tómas Gunnarsson, munnlegar upplýsingar. Í: Ólafur Einarsson o.fl. 2002.<sup>1</sup>
- Arnpór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson. 1991.
- Arnpór Garðarsson. 1975.
- Arnpór Garðarsson. 1973.
- Agnar Ingólfsson. 1990.